



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR Í SOCHI

Forseti Íslands og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þegið boð Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Alþjóðaólympíunefndarinnar um að vera viðstödd upphaf Vetrarólympíuleikanna í Sochi. Forsetahjónin munu sækja móttökuathöfn fyrir íslensku keppendurna, setningarhátíð leikanna og fylgjast með keppnisgreinum fyrstu dagana. Jafnframt mun forseti eiga fundi með nokkrum þjóðarleiðtogum sem einnig sækja leikana.

*31. janúar 2014*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*